

**Ed.**

**255. L Ö G**

um lögreglusamþykt fyrir Hvanneyrarhrepp.

(Afgreidd frá Ed. 27. júlí).

1. gr.

Fyrir Hvanneyrarhrepp eða nokkurn hluta hans, má gera lögreglusamþykt. Semur hreppsnefnd frumvarp til samþyktarinnar og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir hreppsnefndina með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþyktin staðfest skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyklinni, má ákveða í henni sektir, er renni í sveitarsjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþykt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.